

sjóðs, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Starfsstúlknafélagsins Sóknar vegna Huldu Jóhannesdóttur, kr. 2650.53 með 6% ársvöxtum frá 4. febrúar 1965 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 15. júní 1965.

Nr. 4/1965. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f. h. Lögreglufélags Suðurnesja**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómarar: Hákon Guðmundsson,
Ragnar Jónsson, Bjarni K.
Bjarnason, Theódór B. Líndal og
Jón Sigurðsson.

Ríkissjóði ekki talið skylt að greiða lögreglumönnum áhættuþóknun samkvæmt ákvæðum dóms Kjaradóms.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1962 af Bandalagi starfsmanna ríkis- og bæja f. h. Lögreglufélags Suðurnesja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, dags. 11. marz þ. á.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að 6% áhættuþóknun til ríkislögreglumanna í Lögreglufélagi Suðurnesja sé ekki innifalin

í launaákvörðun Kjaradóms um föst laun þeirra samkvæmt dómi Kjaradóms frá 3. júlí 1963.

2. Að dæmt verði, að áhættuþóknun til nefndra ríkislögreglumanna sé sérstakur samningur um starfskjör samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962, sem með skuli fara eftir ákvæðum 6. gr. sömu laga.
3. Að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati Félagsdóms. Jafnframt hefur hann gert þá gagnkröfu í málinu, að dæmt verði, að föst áhættuþóknun til ríkislögreglumanna í Lögreglufélagi Suðurnesja, er nemi tilteknum hundradshluta af föstu mánaðar kaupum þeirra frá 1. júlí 1963 að telja, geti eigi samkvæmt 6. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna talizt starfskjör, er semja skuli um við hlutaðeigandi bandalagsfélög.

Málavextir og tildrög málsins eru á þessa leið.

Hinn 19. október 1964 var þingfest í Kjaradómi málið Lögreglufélag Suðurnesja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Í máli þessu gerði sóknaraðili, Lögreglufélag Suðurnesja, þær kröfur, að dæmt yrði, að lögreglumenn í þjónustu ríkisins á Keflavíkurflugvelli ættu rétt á áhættuþóknun, er næmi 6% af föstum launum þeirra frá 1. október 1963 að telja og skyldi áhættuþóknun þessi greiddast ársfjórðungslega eftir á, en áfallnar greiðslur þegar í stað.

Varnaraðili málsins fyrir Kjaradómi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, krafðist þess aðallega, að málinu yrði vísað frá Kjaradómi, en til vara krafðist hann sýknu. Studdi hann frávisunarkröfu sína þeim rökum, að gjald fyrir starfsáhættu ríkislögreglumanna væri að sínu áliti falið í hinum föstu launum þeirra eins og þau hefðu verið ákveðin með dómi Kjaradóms 3. júlí 1963. Úr ágreiningi um það ætti Félagsdómur að leysa samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1962.

Kjaradómur tók frávisunarkröfu varnaraðilja til greina og vísaði málinu frá sér með dómi 12. janúar þ. á. og segir þar m. a. á þessa leið:

„Í 1. mgr. 25. gr. laganna segir, að Félagsdómur dæmi í málum, sem risi á milli samningsaðila út af broti á lög-unum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi hans. Hér virðist vera sett sú regla, að Félagsdómur skuli ætíð skera úr, er ágreiningur ris um skilning á kjarasamningi og um það, hvað í honum felist, en dómur Kjaradóms kemur í stað kjarasamnings samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 21. gr. laganna.

Í máli þessu hefur varnaraðili haldið því fram, að gjald fyrir starfsáhættu allra ríkislögreglumanna sé fólgið í hinum föstu launum þeirra eins og þau voru ákveðin með dómi Kjaradóms frá 3. júlí 1963. Þessu hefur hins vegar verið mótmælt af hendi sóknaraðila. Þegar litið er til þessa og með vísan til fyrrgreindra ákvæða 1 mgr. 25. gr. laga nr. 55/1962, verður eigi talið öruggt, að undir Kjaradóm beri að svo vöxnu máli að kveða á um efni þetta og þykir því verða að vísa málinu frá dómnum.“

Rök og málsútlitun stefnanda.

Fyrir Félagsdómi hefur stefnandi gert þá grein fyrir kröfum sínum, að með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 14. janúar 1958, hafi verið ákveðið, að ríkislögreglumönnum skyldi greidd 6% áhættuþóknun á laun þeirra frá 1. janúar 1957 að telja, en áður hafi lögreglumenn í þjónustu Reykjavíkurborgar fengið sams konar þóknun um nokkurt skeið. Þessa þóknun kveður stefnandi hafa verið greiðslu fyrir þá sérstöku áhættu, sem fylgi starfi lögreglumanna. Með dómi Kjaradóms frá 3. júlí 1963 hafi eigi átt að verða nein breyting á þessu, enda hafi lögreglumenn fengið áhættuþóknunina greidda til 1. október s. á., en þá hafi stefndi ranglega fellt hana fyrirvaralaust niður. Eru dómkröfur stefnanda studdar þeim höfuðrökum af hans hálfu, að umrædd áhættuþóknun sé ekki innifalin í ákvæðum dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963 um laun og kjör lögreglumanna, heldur falli hún beint undir þau starfskjör, sem gert sé ráð fyrir í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962. Þau falli ekki undir kjarasamninga samkvæmt 1. mgr. sömu greinar, en semja skuli um þau sérstaklega við

Þau stéttarfélag, er hlut eigi að máli, samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 6. gr. sömu laga. Hafi áhættuþóknunin hvorki komið til álita fyrir Kjaradómi né heldur hafi verið tekið tillit til hennar við skipun í launaflokka eða ákvörðun launakjara samkvæmt Kjaradómi frá 3. júlí 1963. Eigi Lögreglufélag Suðurnesja því samkvæmt nefndri 6. gr. kröfu til sérstakra samninga um áhættuþóknunina eða sérstakrar ákvörðunar Kjaradóms um hana, ef samningar takist eigi. Hefur stefnandi m. a. máli sínu til stuðnings bent á það, að umrædd áhættuþóknun hafi hvorki komið til umræðu, þegar launakjörin voru reifuð og rædd fyrir Kjaradómi, áður en hann ákvað launakjör starfsmanna ríkisins 3. júlí 1963, né heldur þegar samið var um skipun starfsmanna ríkisins í launaflokka, áður en Kjaradómur fékk launakjörin til úrskurðar. Þá hefur stefnandi og stutt málssókn sína þeim rökum, að samkvæmt Kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Lögreglufélags Reykjavíkur, sem gerður var 19. sept. 1963, hafi verið tekið tillit til áhættuþóknunar þeirrar, er borgarlögglumenn áður nutu, með þeim hætti, að þeim hafi verið ákveðin laun einum launaflokki ofar, en það sé beint tekið fram þar, að áhættuþóknunin sé reiknuð inn í fastakaupið. Yrðu borgarlögglumenn þannig einum flokki hærri í launum en ríkislögglumenn, ef þeir síðarnefndu yrðu ekki taldir eiga rétt til samnings um áhættuþóknun samkv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962. Slik mismunun væri mjög óeðlileg og ranglát. Þá beri einnig að hafa það í huga við úrlausn máls þess, að þegar nefndur kjarasamningur borgarlögglumanna var gerður hinn 19. sept. 1963 hafi ríkissjóður enn greitt ríkislögglumönnum 6% áhættuþóknunina og því eigi annað verið vitað þá, en að nefndir lögglumenn nytu allir réttilega í höfuðatriðum sömu launakjara.

Varnarástæður stefnda.

Stefndi bygir sýknukröfur sínar og gagnkröfu í málinu á því, að í kröfu stefnanda um 6% áhættuþóknun felist einfaldlega krafa um hækkun á hinum almennu föstu launum ríkislögglumanna. Kjaradómur hafi hins vegar

með dómi sínum 3. júlí 1963 kveðið á um það, hver skuli vera föst laun ríkisstarfsmanna til ársloka 1965. Við þá ákvörðun og undanfarandi samning um skipan í launaflokka hafi verið metin öll þau atriði, er hér skipti máli og áhrif geti haft á launahæð, svo sem menntun, sérhæfni, ábyrgð, áhætta og óheilmæmi starfs. Greiðslu fyrir áhættu ríkislögreglumanna í starfi sé því falin í föstum launum þeirra samkvæmt dómi Kjaradóms frá 3. júlí 1963, enda hafi laun ríkislögreglumanna samkvæmt honum stórhækkað, vinnutími verið stytur og vökuálag aukið. Ekki hafi heldur verið gert ráð fyrir því af hálfu Kjararáðs við röðun í launaflokka, að ríkislögreglumenn nytu sérstakrar áhættuþóknunar auk hinna föstu launa.

Þá hefur stefndi sérstaklega mótmælt því, að umdeild áhættuþóknun geti fallið undir hugtakið starfskjör, sem kjarasamningar taki eigi til samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962 og semja skuli um sérstaklega samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, þar sem áhættuþóknun hafi aldrei verið annað en hrein launauppbót, sem greidd hafi verið öllum ríkislögreglumönnum án tillits til þess, hvers konar löggæzlu þeir störfuðu að.

Loks hefur stefndi mótmælt því, að það geti skipt nokkru máli við úrlausn þessa máls, hvernig samist hafi um kjör borgarlögreglumanna í kjarasamningi þeirra frá 19. sept. 1963. Þar hafi sérstakar aðstæður í samskiptum Reykjavíkurborgar við starfsmenn sína ráðið niðurstöðu og skipti engu máli í þessu sambandi, þótt svo hafi staðið á, að stefndi hafi á þeim tíma, umfram skyldu og vegna óaðgæzlu, greitt ríkislögreglumönnum hin umdeildu 6% til viðbótar föstum launum þeirra samkvæmt kjaradóm-inum frá 3. júlí 1963.

Viðhorf dómsins.

Samkvæmt gögnum málsins og málflytningi aðilja var upphaf og aðdragandi þess, að ríkissjóður greiddi ríkislögreglumönnum 6% af starfslaunum þeirra í svonefnda áhættuþóknun sá, að hinn 10. apríl 1957 ritaði Lögreglu-félag Reykjavíkur þáverandi dómismálaráðherra bréf og

fór þess á leit, að ríkislögreglumönnum yrðu veittar eftirtaldar kjarabætur:

1. að þeim yrði greidd áhættuþóknun, er næmi 6% af launum þeirra;
2. að álagsvinna yrði reiknuð út með því, að deilt yrði með tölunni 160 í hámarkskaup á mánuði í launaflokki viðkomandi lögreglumanns í staðinn fyrir töluna 175, svo sem þá var gert hjá ríkinu.
3. að þeir fengju persónuuppbót greidda eftir 10 ára starf;
4. að umræddar launabætur yrðu greiddar frá 1. janúar 1956.

Þessi tilmæli Lögreflugélags Reykjavíkur voru studd þeim rökum, að lögreflumenn í Reykjavík hefðu með launasamþykkt Reykjavíkurbæjar, er í gildi gekk 1. janúar 1956, fengið nefndar kjarabætur, en það væri sanngirniskrafa, að starfshópar, sem gegndu sömu skyldu-störfum, fengju sömu laun.

Enn segir svo í bréfi þessu:

„Í sambandi við framanritað viljum vér taka það fram, að samkvæmt hinum nýju launalögum telur lögreflan hlut sinn alvarlega hafa verið fyrir borð borinn með því að vera sett í lægri launaflokk en kennarar og póstmenn, sem settir voru í IX. launaflokk, en lögreflan í X. launaflokk, þar sem lögreflan hafði ávallt áður verið í sama launaflokki og fyrrnefndir starfshópar.

Að síðustu viljum vér taka það fram, að greiðsla áhættuþóknunarinnar er byggð á þeirri staðreynd, að lögreflustarfinu fylgir meiri slysaætta en öðrum opinberum störfum og erum vér fúsir til að leggja fram skýrslur varðandi það mál, ef þess verður óskað.“

Framangreind tilmæli afgreiddi dómsmálaráðuneytið hinn 14. janúar 1958 með svohljóðandi bréfi:

„Með skírskotum til erindis Lögreflugélags Reykjavíkur frá s.l. ári, varðandi samræmingu á kjörum ríkislögreflumanna við launakjör bæjarlögreflumanna í Reykjavík, skal tekið fram, að erindi þetta hefir verið til athugunar sameiginlega hjá þessu ráðuneyti og fjármálaráðuneytinu. Hefur niðurstaða orðið sú, að fallizt er á, að

greiða frá 1. janúar 1957 6% áhættuþóknun á laun ríkislögreglumanna. Þá er hér með staðfest sú framkvæmd, sem verið hefur um nokkurt skeið um útreikning á tíma-kaupi í álagsvinnu, þ. e. að deilt sé með tölunni 160 í hámarkskaup í launaflokki lögreglumanns. Hins vegar er ekki unnt, vegna launakerfis ríkisins, að fallast á að greidd verði í svokölluð persónuuppbót með launahækkun um einn launaflokk eftir 10 ára starf.“

Greiddi ríkissjóður samkvæmt þessari ákvörðun öllum ríkislögreglumönnum, án tillits til þess í hverju starf þeirra var fólgið, framangreinda þóknun, 6% af föstum starfs-launum, til 1. október 1963, er hún var felld niður.

Svo sem framangreind bréf bera með sér er ljóst, að beiðnin um sérstaka áhættuþóknun var einn af fleiri þáttum í þeirri viðleitni ríkislögreglumanna, að fá betri launakjör en þeim voru ákveðin með launalögunum frá 1955, en alkunnugt er að margir starfshópar innan starfsmanna ríkisins voru þá mjög óánægðir með kjör sín og freistuðu úrbóta með ýmsum hætti. Gekk ríkisvaldið að ýmsu leyti móts við þessar óskir með aukagreiðslum á einn eða annan hátt og kom þá í hlut ríkislögreglumanna, svo sem að framan er greint, umdeild áhættuþóknun. Hún var, eins og rakið hefur verið, ákveðinn hundradshluti af launum hvers ríkislögreglumanns, og greidd án tillits til þess, hvort starfi lögreglumannsins var svo hátt að því fylgdi nokkur sérstök áhætta. Verður því að líta á þessa áhættuþóknun sem hluta af föstum starfslaunum þeirra, er hennar nutu. Við undirbúning og málsmeðferð endurskoðunar þeirrar, sem fram fór á launakjörum starfsmanna ríkisins samkvæmt lögum nr. 55/1962 virðist margnefnd áhættuþóknun lítt eða ekki hafa borið á góma og engar kröfur né áskilnaður varðandi hana verið gerðar af hálfu aðilja þeirra, er þar áttu hlut að máli.

Eigi verður annað ráðið af framkomnum gögnum, enda alkunnugt, að ætlunin með nefndri endurskoðun hafi verið sú, að koma launakjörum starfsmanna ríkisins í fastari skorður með nýrri flokkun á störfum þeirra, samfara ákvörðun um fjárhæð launa í hverjum flokki.

Þegar litið er til þessara atriða og það jafnframt haft í huga, á hvern hátt greiðsla umdeildrar áhættuþóknunar til ríkislögreglumanna hófst, og hvernig þeim greiðslum var háttað til allra lögreglumanna og ákveðinn hundr- aðshluti af launum þeirra, telur dómurinn, að skýra verði ákvæði dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963 á þá lund, að tekið hafi verið tillit til nefndrar áhættuþóknunar sam- hliða mati á þeirri áhættu, sem lögreglumannsstarfinu fylgir, þegar ríkislögreglumönnum var skipað í launa- flokk og starfslaun þeirra síðan ákveðin af Kjaradómi. Er stefnanda því eigi rétt samkvæmt reglum þeim, er al- mennt gilda um kjarasamninga, en þær eiga hér við sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 55/1962, að krefjast, meðan dómur Kjaradóms gildir, launaviðbótar á þeim grundvelli, sem kröfugerð þeirra fyrir Kjaradómi hinn 19. október 1964 er byggð á. Og eigi getur það skapað stefnanda neinn rétt til slíkrar kröfugerðar, þótt borgarlögreglumenn í Reykjavík hafi samið um nokkuð önnur launakjör við Reykjavíkurborg.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu. Þessi úrlausn leiðir og til þess að eigi er ástæða til þess, að taka gagnkröfu stefnda til athugunar sérstaklega.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Bandalags starfs- manna ríkis- og bæja f. h. Lögreglufélags Suðurnesja, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.